

Háttvirt Alþingi Íslendinga!

Undirritaður hefur nýlega haft fregnir af því, að á næstunni muni Alþingi fjalla um það, hvort heimila skuli dánaraðstoð hér á landi, með tilheyrandi lagasetningu. Með bréfi þessu vill undirritaður koma skoðun sinni á hugsanlegri lögleiðingu dánaraðstoðar á Íslandi. Hafandi starfað sem læknir í áratugi, bæði hér á landi og í Svíþjóð, hefur undirritaður margsinnis tekið virkan þátt í umræðu um dánaraðstoð og framkvæmd hennar. Það er bjargföst skoðun undirritaðs, sem er fyrst og fremst byggð á fyrrgreindri reynslu, að lögformleg dánaraðstoð sé í raun grundvallarréttur í nútíma þjóðfélagi. Eitthvert það ömurlegasta, sem ég sem læknir/aðstandandi, hef þurft að verða vitni að, er að fylgjast með deyjandi fólki, sem á sér enga batavon heldur aðeins dauðann og fær í besta falli skammvinn verkjahlé, vegna lyfjagjafa. Þannig eymd geta sjúklingar þurft að þola allan sólarhringinn, dögum og vikum saman. Þess konar vítiskvalir þurfa fársjúkir einstaklingar að þola í mismunandi langan tíma. Undirritaður hefur alloft fylgst með því, hvernig hörmulega verkjaðir sjúklingar í lokaferli tilverunnar hafa fagnað því að losna við óþolandi og tilgangslaust kvalræðið, með því að fá faglega vel skipulagða dánaraðstoð á réttum tíma.

Undirritaður mælir eindregið með því, að læknar, starfandi á Íslandi, geti boðið deyjandi og illilega verkjuðum sjúklingum faglega og vandaða dánaraðstoð.pdf

Virðingarfyllst,

Gunnar Ingi Gunnarsson, læknir.